



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Vegna fyrirspurnar um brunahana í Mosfellsdal

Dags: 9. nóvember 2020

Málsnúmer: 202011049/24.3

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Frá: Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Íbúasamtökin Víghóll sendu inn fyrirspurn þann 4. nóvember 2020 um brunahana í Mosfellsdal. Í framangreindri fyrirspurn Víghóls, er vísað til eldri fyrirspurnar, um fjölda og staðsetningu brunahana. Við leit í málskrá og almennu netfangi bæjarins hefur engin fyrirspurn fundist.

Fjöldi og staðsetning brunahana er sýnileg í kortasjá Mosfellsbæjar og öllum opin og hefur verið það um nokkurra ára skeið. Hér fyrir neðar er yfirlitsmynd sem sýnir stofnlagnakerfi vatnsveitu í Mosfellsdal og fjölda og staðsetningu brunahana.



Í viðmiðunarreglum um brunahana er gerð krafa um staðsetningu brunahana á a.m.k. 200 m fresti í þéttbýli. Engar slíkar reglur eru um brunahana í dreifbýli eða á landbúnaðarsvæðum og er engin krafa um brunahana í dreifbýli, en stærsti hluti Mosfellsdal er samkvæmt skipulagi skilgreindur sem slíkur.

Vatnsveita Mosfellsbæjar hefur sett upp tvo nýja brunahana í Mosfellsdal á yfirstandandi ári, en alls eru þar 6 brunahanar, þar sem gert er ráð fyrir drægni 300 m út frá hverjum brunahana fyrir sig. Þá stendur til að bæta við brunahana við Roðamóa fyrir árslok 2020, þannig að fjöldi brunahana verður þá alls 7 og nær yfir þéttustu byggð Mosfellsdals.





Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er að öllu jöfnu mjög duglegt að senda inn ábendingar um úrbætur varðandi bruna- og öryggismál, hins vegar hafa formlegar fyrirspurnir eða kröfur embættisins um brunahana eða slökkvivatn í Mosfellsdal ekki verið sendar til vatnsveitu Mosfellsbæjar á undanförunum árum.

Vegna staðhæfinga íbúasamtakanna Víghóls um að *vatnsmál í dalnum séu barn síns tíma, þegar byggð var fámennari, og gamla vatnslögnin frá/úr Laxnesdýjum í samræmi við það*, þá skal upplýst að unnið hefur verið að endurnýjun á stofnlagnakerfi í Mosfellsdal á síðastliðnum 4-5 árum af hálfu Vatnsveitu Mosfellsbæjar. Til stóð að ljúka þeirri framkvæmd síðastliðið sumar, en það tókst ekki m.a. vegna mótmæla frá ábúendum í Laxnesi I. Hins vegar er stefnt að því að ljúka umræddri framkvæmd um mánaðarmótin nóvember/desember 2020, ef veður leyfir og verður þá heildarendurnýjun stofnlagnakerfis vatnsveitu í Mosfellsdal að mestu lokið. Til upplýsingar fyrir bæjarráð þá hefur verið unnið að eftirtöldum vatnsveituframkvæmdum* undanfarin ár í Mosfellsdal:

2015-2020: Endurnýjun 225 mm stofnlagnar vatnsveitu í Mosfellsdal frá Laxnesdýjum
2018: Lögð ný 110 mm lögn frá Reykjahlíð 2 að Hlaðgerðarkoti
2018: Uppsetning á 3 nýjum dælum, til þess að auka þrýsting vatnsveitukerfis
2019-2021: Nýjar aðveitulagnir að Lundi vegna uppbyggingar þar
2020: Lögð ný 180 mm lögn frá Helgadalssvegi að nýrri byggð í landi Hraðastaða
2020: Tveir nýir brunahanar settir upp í Mosfellsdal og sá þriðji í vinnslu

Frekari verkefni eru á áætlun varðandi uppbyggingu vatnsveitu í Mosfellsdal, en það stærsta er að sjálfsögðu vatnsborun sem vonandi skilar nýjum vatnsbólum fyrir dalinn og Mosfellsbæ allan. Þá er gert ráð fyrir endurnýjun á styttri köflum ásamt uppsetningu á brunahönum víðar, svo sem við Gljúfrastein.

Þess má geta að framangreind verkefni eru í samræmi við áætlun um uppbyggingu vatnsveitu sem bæjarráð samþykkti í byrjun síðasta kjörtímabils. Ánægjulegt er að fá hvatningu frá íbúasamtökum um endurbætur á vatnsveitu, uppsetningu brunahana og betri vatnsþrýsting, hins vegar virðist vera einhver misskilningur hjá íbúasamtökunum um stöðu þessara mála í Mosfellsdal.

Til fróðleiks þá hefur fólksfjölgun í Mosfellsdal verið mjög hófleg, en í dalnum hefur fjölgað um 28 manns síðastliðin tæp 30 ár eða 12% (úr 201 í 229 og á tímabilum má einnig sjá fólksfækkun milli ára). Íbúafjölgun í þéttbýli Mosfellsbæjar hefur hins vegar verið um og yfir 290% á sama tímabili.

Undirrituð vekur að lokum athygli á að fyrirspurn Víghóls er send nafnlaust, en rétt er til framtíðar að bréf til bæjarins og þar með bæjarráðs beri með skýrum hætti með sér frá hverjum þau stafa.

Virðingarfyllt,

Jóhanna Björg Hansen
framkvæmdastjóri umhverfissviðs

*framkvæmdalisti alls ekki tæmandi aðeins er um helstu vatnsveituframkvæmdir að ræða á umræddu svæði.